

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	14. júní 2024	Tími:	11:00 – 12:00
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og Teams			
Fundarstjóri:	HP			
Ritari:	AS			
Á fundinn mættu:	Arnór Snæbjörnsson (AS), Ágúst Hjörtur Ingþórsson (ÁHI), Helga Þórisdóttir (HP), Hildur Ragnars (HR), Ingibjörg Jóhannsdóttir (IJ), Magnús Ingvason (MI), Sigríður Kristinsdóttir (SK) og Anna Hermansdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi::				

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 14. júní 2024

### 1. Fundargerð stjórnarfundar 6. maí 2024

Fundargerð stjórnarfundar 6. maí síðastliðinn var samþykkt.

### 2. Fundargerð aðalfundar 16. maí 2024

Fundargerð aðalfundar 16. maí síðastliðinn var samþykkt.

### 3. Verkaskipting stjórnar

Stjórn ákvað að skipta með sér verkum sem hér segir: Sigríður Kristinsdóttir verður varaformaður stjórnar, Ingibjörg Jóhannsdóttir verður gjaldkeri og Arnór Snæbjörnsson ritari.

Þá var ákveðið að fulltrúar stjórnar á mánaðarlegum samráðsfundum með KMR verða að jafnaði þau Helga, Sigríður og Magnús.

### 4. Mánaðarlegir stjórnarfundir

Ákveðið að mánaðarlegir stjórnarfundir verði haldnir í hádeginu fyrsta mánudag hvers mánaðar næsta starfsárs. Næsti fundur verður því haldinn mánudaginn 2. september næstkomandi. AH sendir út fundarboð á fundarröðina fram til vors.

### 5. Áherslumál 2024-2025

Í umræðum um áherslumálin var höfð hliðsjón af áherslumálum síðasta starfsárs. Fundarmenn voru sammála um að halda áfram á sömu braut með aukinni áherslu á eftirfylgni. Frestað til haustsins.

## 6. Félagsstarfið

Umræður um félagsstarfið og hvernig megi efla það. Frekari umræðu frestað til haustsins.